



Félag háskólakennara

4. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 5. október 2022 í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Berglind Eva Benediktsdóttir og Pontus Eik Gunnar Jarvstad. Ármann Höskuldsson boðaði förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. september 2022.
2. Samráðsfundur 26. september 2022.
3. Kröfur á ríkið, BHM samstarf.
4. Fréttir frá BHM.
5. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. september 2022

Fundargerðin var samþykkt með lagfæringu á innsláttarvillum.

2. Samráðsnefnd HÍ og Fh

Baldvin sagði frá fundi í samráðsnefnd um kjaramál sem haldinn var 26. september sl. Fh hafði sent eftirfarandi umræðupunkta fyrir fundinn:

1. Málefni stundakennara
2. Skýrsla um stöðu stundakennara
3. Könnun um styttingu vinnuvikunnar-staða mála
4. Reglur um viðveru-staða mála
5. Síamál- Útboð á áskriftapakka fyrir starfsfólk, staða mála
6. Aðstöðumál (opin rými).

Mikill tími fór í að ræða stundakennaramálið, en HÍ leggur mikla áherslu á að stundakennarar verði félagsmenn í Félagi háskólakennara. HÍ leggur til að reynt verði á undantekningarákvæði kjarasamnings félagsins um tímavinnu og á grundvelli þess geti þar með orðið félagsmenn. Félag háskólakennara fór yfir sín rök í málinu og óbreytta afstöðu varðandi félagsaðild þessa hóps, sem sinnir lítilli árlegri kennslu. HÍ lagði fram tölur um fjölda stundakennara og tímafjölda. Engin ákvörðun tekin.

Þá var spurt um könnun um styttingu vinnuvikunnar, reglur um fjarvinnu og síamál. Fulltrúar HÍ svöruðu því til að enn væri verið að vinna að þessum málum innanhúss.

Öðrum dagskráliðum var frestað til næsta fundar, sem er óákveðinn.

Baldvin sagði einnig frá fundum með Guðmundi R. (framkv.stj. sameiginlegrar stjórnarsýslu) þar sem rætt var um nýliðunarvanda akademískra starfsmanna annars vegar og hugmyndir um launasetningu þeirra til hækkunar lágmarkslauna hins vegar.

3. Kröfur á ríkið, BHM samstarf

Farið var yfir skjal með yfirskriftinni: „Kröfur við samningaborðið Fh og BHM“. Málið rætt og ákveðið var að halda áfram að vinna í skjalinu og gera endanlega kröfugerð.

4. Fréttir af BHM

Baldvin sagði frá samstarfi BHM-félaga um kjaramál og fundum í svokölluðum „umbótahópi“.

5. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu

Berglind sagði að nefndin hafi ekki hist og framhald vinnunnar er óljós, eins og staðan er í dag.

Önnur mál

Ákveðið var að hafa vinnufund stjórnar mánudaginn 14. nóvember nk. kl. 16.00, þar sem rætt verði um kröfugerð félagsins fyrir komandi kjaraviðræður og hún mótuð.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:00

Næsti fundur 2. nóvember nk. kl. 11:45 í Bændahöllinni.